

Varpasveifgras (*Poa annua*)

Enska; Annual Meadow-grass (UK), Annual bluegrass (USA), danska; Enårig Rapgræs, norska; Tunrapp, sænska; Vitgröe

Tegundalýsing og kjörlendi

Varpasveifgras er vetrareinær grastegund með ljósgrænum (sjaldan fjólubláleitum), keilulaga punti sem er um 2-5 cm langur. Smáöxin eru fjór- til sexblóma og eru neðri axagnirnar mun styttri en þær efri. Blómagnirnar eru oftast fimmtauga, eitthvað ullhærðar við fót eða á taugum. Blöð varpasveifgrass er oftast ljósgræn að lit með ofurlitlar þverbárur. Þá enda blöðin í totu líkt og bátstefni. Tegundin myndar þéttar, lágvaxnar (8-35 cm) breiður. Varpasveifgras dreifir sér með fræjum og er skammlíft.

Varpasveifgras er algengt um allt land en er þó sýnu mest á Vestur- og Norðurlandi. Það vex í vel ábornum túnum, sérstaklega þar sem er nokkur umferð, við götur, kringum hlaðvörp, í kalblettum (lægðum) og í rökum flögum, oft innan um arfa. Tegundin myndar þéttan svörð. Það verður oft áberandi í endurvexti í vallarfoxgrastúnum.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Varpasveifgras er eftirsótt beitargras af grasbítum. Það er hins vegar uppskerulítið og erfitt í þurrkun. Það er yfirleitt talið illgresi og sé tegundin ríkjandi í túnum er það vísbending um léleg ræktunarskilyrði fyrir sáðgresi eða misheppnaða ræktun. Til að halda varpasveifgrasi niðri þarf oft að bæta ræktunarskilyrðin fyrir sáðgresið með góðri framræslu, kýfingu, vandaðri sáningu og með því að takmarka þunga umferð á túnum.



Varpasveifgras í blóma í endurvexti í vallarfoxgrastuni